

Siðareglur eru til fyrir stofnunina til viðbótar siðareglum einstakra fagfélaga. Starfsfólki ber að fara að lögum um starfsemi svo sem, stjórnslögum, upplýsingalögum, jafnréttislögum og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

- Við rækjum starf okkar af alúð og samviskusemi, gætum kurteisi og sanngirni og veitum þeim er til okkar sækja aðstoð og leiðbeiningar.
- Við gætum trúnaðar og þagmælsku varðandi atriði sem við fáum vitneskju um í starfi okkar og leynt eiga að fara.
- Við vöndum tal okkar og ritað mál varðandi eftirlitsþega og viðskiptavini og óheimilt er að ræða eða rita um aðila með niðrandi eða neikvæðum hætti.
- Við byggjum ákvarðanir á hlutlægum rökum, gætum jafnræðis og misbeitum ekki valdi okkar.
- Við erum ábyrg fyrir ákvörðunum okkar, misnotum ekki stöðu okkar, sjálfum okkur eða öðrum til ávinnings.
- Við beitum okkur fyrir gagnsæjum starfsaðferðum, virkri upplýsingagjöf og góðum samskiptum á vinnustað.
- Við látum samstarfsfólk njóta sannmælis og sanngirni, hvetjum það til að leita réttar síns telji það á sér brotið og stöndum vörð um óhlutdrægni og faglegt sjálfstæði.
- Við leitum samvinnu um úrlausn mála eftir því sem kostur er.
- Við virðum jafnrétti og önnur mannréttindi og virðum skoðana- og tjáningarfrelsi.
- Við gætum að orðspori Matvælastofnunar í samskiptum okkar utan vinnu.
- Við vinnum gegn sóun og ómarkvissri meðferð fjármuna.